

Nd.

271. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi, að undanteknu afréttarlandi jarðarinnar, fyrir allt að 4000 kr., enda fylgi vatnsréttindi í afréttarlandinu jörðinni.

2. gr.

Kaupi ríkið jörðina, er ríkisstjórninni heimilt að undanskilja í kaupum eða selja trjáreka jarðarinnar, með þeirri lækkun á kaupverðinu samanber 1. gr. eða fyrir það verð, sem um semst.

3. gr.

Áskilið sé í kaupsamningi, að jörðin Ás og þær aðrar jarðir, sem byggðar kunna að verða í heimalandi hennar, skuli endurgjaldslaust fá rétt til upprekstrar og beitar á afréttarlandi hreppsins fyrir það búfé, sem framfleytt verður á jörðinni. Sömuleiðis skal ríkið hafa rétt til ókeypis afnota af hæfilega stóru landsvæði á afréttinni meðfram Jökulsá á Fjöllum, er þarf til virkjunar á aflfossanna í ánni, ef virkjað verður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu hefir boðið ríkinu hið forna höfuðból Ás í þeim hreppi til kaups, og er frv. flutt eftir beiðni hreppsnefndarinnar. Fasteignamat á jörðinni er: húsaverð 1400 kr., en landverð 3600 kr., samtals 5000 kr., en kaupverðið er 1000 kr. lægra, eða 4000 kr., vegna þess, að afréttarland jarðarinnar er undanskilið. Þar sem jörð þessari fylgir fullur þriðjungur af afréttarlandi allra jarða í hreppnum, sér hreppurinn sér ekki fært að láta landið af hendi. Hinsvegar er það boðið, að jörðinni Ás skuli fylgja svo stórt heimaland, sem þörf krefur fyrir búrekstur á jörðinni, þó í stórum stíl yrði, og

auk þess réttur til upprekstrar og beitar á afréttinni eftir þörfum og án endurgjalds.

Ástæður fyrir því, að hyggilegt verður að teljast fyrir ríkið að eignast jörð þessa, eru meðal annars þessar:

1. Jörðin Ás er í bezta lagi til þess fallin að framfleyta samvinnubúskap með sauðfjárrækt sem aðalatvinnugrein. Hún liggur á því svæði i byggðarlaginu, þar sem skilyrðin fyrir þann atvinnurekstur eru hvað bezt, bæði hvað snertir landgæði og veðurfar. Tún jarðarinnar er ca. 9 ha. að stærð, en hefir ekki gefið af sér í seinni tíð nema á 3. hundrað hesta af töðu, vegna óræktar og áburðarskorts.
2. Áfast við heimaland jarðarinnar liggur jarðeign rikissjóðs Ásbyrgi, sem skortir að heita má algerlega beutiland fyrir bústofn þann, er þar mætti framfleyta, en land handa þessari jörð væri fánlegt af heimalandi Áss án þess Ási væri nokkur óhagur gerður.
3. Jörðinni Ás, ásamt jörðinni Svínadalur, sem upphaflega er byggð úr landi Áss sem $\frac{1}{3}$ af allri jörðinni, fylgja $\frac{1}{2}$ vatnsréttindi i Jökulsá á Fjöllum fyrir landi jarðanna. Eru þar i ánni Vígabergsfoss og Hafragilsfoss, og er annar þeirra talinn vel fallinn til virkjunar; einnig tilheyrir þessum jörðum $\frac{1}{4}$ úr Dettifossi.
4. Í heimalandi jarðarinnar er allstórt skógarsvæði. Áshöfðinn, sem hefir skilyrði til þess að geta orðið einhver fegursti skógur á þeim stöðvum.
5. Loks má geta þess, að i heimalandi jarðarinnar er hinn sérkennilegi staður Hjóðaklettur, sem fer mjög vel á að ríkið eigi eins og Ásbyrgi.

Fyrir utan þær ástæður, er mæla með því, að ríkið kaupi jörðina Ás, og taldar hafa verið, má vissulega minna á þá miklu óþeinu hjálp, sem eiganda jarðarinnar er veitt, ef ríkið kaupir jörðina. Hér á i hlut fámennur og fátækur hreppur, sem hinsvegar á mörg nýtsamleg áhugamál á dagskrá, svo sem stofnun einkasíma innan hreppsins, byggingu, sundskála og ýms fleiri. Losni hreppurinn við jörðina og þær lagalegu kvaðir, sem eignarréttinum fylgja, er það alveg víst, að síminn og jafnvel líka sundskálinn verða byggðir i næstu framtíð.

Af þeim ástæðum, sem fram hafa verið færðar til þess að mæla með kaupum á jörðinni, er sú fyrsta tvímælalaust þyngst á metunum, sú, að þarna eru hin heztu skilyrði fyrir samyrkju og samvinnubúskap. Ýmsir þeirra manna, sem áhuga hafa fyrir stofnun nýrra heimila i sveitum landsins, munu kannske álíta, að réttara sé að hylja þá starfsemi fyrr þar, sem skilyrði eru fyrir nautgriparékt sem aðalatvinnuveg, eða m. ö. o. i nágrenni Reykjavíkur. En vafasamt er, að rétt sé að einblína á það eitt, að framleiðsla mjólkur sýnist sem stendur bera sig betur en framleiðsla kjöts. Hvað sem söluverði þessara framleiðsluvara líður er það ljóst, að búskapur hefir i Norður-Þingeyjarsýslu á undanförunum kreppearum orðið fyrir minni áföllum en víða annarsstaðar á landinu.

Á því er og enginn vafi, að nóg er til af ungu fólki, sem vill stofna þar ný heimili. Í þeirri sýslu hefir yfirleitt ekki vantað menn til að taka þær jarðir, sem losnað hafa úr ábúð. Margt af þessu fólki fer nauðugt burt úr sveitunum, af því stofnfé vantar til þess að reisa ný býli. Mundi fara vel á því, að þessu fólki væru gefin skilyrði til þess i framtíðinni að nota hin ágætu ræktunarskilyrði og landkosti, sem þarna eru fyrir hendi, vekja upp frá dauðum i breytttri og bætttri mynd eitthvað af þeim mörgu býlum, sem lagzt hafa i eyði þarna á síðustu öldum.